



Starfskjarastefna Félagsbústaða

Starfskjarastefna Félagsbústaða hf. er sett samkvæmt 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og byggir á meginreglum um góða stjórnarhætti fyrirtækja og í samræmi við eigendastefnu Félagsbústaða. Stefnunni er ætlað að styðja við jafnlaunastefnu félagsins auk markmiða um að veita góða þjónustu af ábyrgð og öryggi. Hafa skal jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi.

Stefnan miðar að því að starfskjör séu samkeppnishæf og að Félagsbústaðir geti ráðið og haldið í hæft starfsfólk til að standa vörð um hlutverk félagsins.

Laun stjórnenda skulu standast samanburð við sambærileg störf en þó að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinbers aðila.

1. Starfskjör

Starfskjör skulu vera samkeppnishæf við kjör í sambærilegum opinberum störfum.

Félagsbústaðir gæta fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk fær greidd jöfn laun og nýtur sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf í samræmi við lög nr. 150/2020. Þannig sé enginn kynbundinn launamunur til staðar hjá fyrirtækinu og launamunur skal einungis endurspeglja mismunandi ábyrgð, vinnuframlag, eðli starfa, menntun, frammistöðu og hæfni.

Félagsbústaðir skulu viðhalda jafnlaunakerfi og framkvæma jafnlaunagreiningu með reglubundnum hætti.

Starfskjör skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum. Allir starfsmenn félagsins eru á föstum mánaðarlegum launum og þiggja ekki aðrar greiðslur, nema um slíkt sé samið sérstaklega og falli undir ákvæði kjarasamnings eða jafnlaunakerfis.

2. Stjórn Félagsbústaða

Stjórnarmönnum er greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Á aðalfundi skal jafnframt ákveða þóknun fyrir störf í undirnefndum stjórnar.

3. Framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans að teknu tilliti til 1. gr. hér að ofan.

4. Annað starfsfólk Félagsbústaða

Framkvæmdastjóri ræður stjórnendur og annað starfsfólk. Hann ákvarðar laun þeirra og er fulltrúi félagsins við gerð kjarasamninga.

5. Starfslok

Ekki skal gera samninga við starfsfólk sem fela í sér starfslokagreiðslur umfram skyldur samkvæmt lögum og kjarasamningum, nema með samþykki stjórnar.



6. Skaðleysi stjórnar og framkvæmdastjórnar

Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendum vegna starfa þeirra í þágu félagsins. Félagið skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa þeirra fyrir félagið að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi hlutaðeigandi sem metin er honum sem ásetningur eða stórfellt gáleysi.

Félagið greiðir tryggingariðgjald starfsábyrgðartryggingar og eðlilegan kostnað af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af ofangreindum toga með fyrirvara um rétt til endurkröfu komi síðar í ljós að viðkomandi hafi í umræddu tilviki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við félagið eða ákvæðum laga í starfi sínu fyrir það.

7. Upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal vera aðgengileg á vef Félagsbústaða. Árlega skal gera grein fyrir þóknun stjórnar og framkvæmdastjóra í ársreikningi félagsins.

8. Eftirfylgni, endurskoðun og samþykkt starfskjarastefnu

Starfskjarastefna Félagsbústaða er samþykkt af stjórn sem leggur hana fyrir aðalfund. Reglulega skal fara fram endurskoðun á starfskjarastefnunni og eftirlit haft með því að henni og jafnlaunastefnu sé framfylgt.

Samþykkt á fundi stjórnar Félagsbústaða 3. maí 2022.

Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri